# Pólitíska *landslagið*

Stundum er talað um pólitískt landslag en þá er yfirleitt átt við huglægar hæðir og dalverpi sem valda vatnaskilum í pólitíkinni á hverjum tíma. Norðmaðurinn Patrick Huse sem um þessar mundir sýnir í Vestursal Kjarvalsstaða hélt hinsvegar fyrir stuttu fyrirlestur um landslagið sem pólitískt afl. Því miður hafði ég ekki tök á að fara en giska á að efnið hafi tengst því, sem hann sagði í viðtali hér í blaðinu fyrir nokkru, er hann líkti íslensku náttúrufari við andófsafl, jafnvel hryðjuverkaafl.



Kvöld eftir Jón Stefánsson á sýningunni Öræfalandslag í Listasafni Íslands.

## Myndlist

### Áslaug Thorlacius

Hvort sem sýningin sjálf er pólitísk yfirlýsing eður ei er yrkisefni Huse íslenskt landslag. Þó ekki póstkortastaðirnir heldur hraunbreiðan og eyðisandurinn, kraftmikil og úfin náttúra, gróðurvana og full af endurtekningu. Flest eru málverkin gríðarlega stór og á sinn hátt glæsileg. Þau eru máluð með þurrum og þekjandi litum í brúnum og gráum tónum ásamt miklu svörtu og sýna endalausar breiður af grjóti og hrauni, nibbum og totum. Myndflöturinn iðar af óróleika, kaldur og harðneskjulegur. Nokkuð öðru máli gegnir um teikningar hans, en þéttriðið net af fínlegum línum og tærari litur glæða þær ríkari tilfinningu.



Ein af teikningum Patricks Huse á sýningunni á Kjarvalsstöðum undir þykku gleri.

Í ofannefndu viðtali staðhæfir Huse að íslenskir landslagsmálarar máli sig út úr landinu, sjálfur máli hann sig inní það. Hvort hann á við að íslenskir málarar séu allir að búa til glansmyndir veit ég ekki en hans markmið er augljóslega hið gagnstæða. Samt get ég ekki séð að þessar myndir fjalli af miklu næmi um innviði náttúrunnar. Þvert á móti þykja mér þær yfirborðslegar og jafnvel skopmyndalegar (sér í lagi þær totóttu).

Yfirskrift sýningarinnar, Rifa, hefur samkvæmt sýningarskrá jarðfræðilega tilvísun í sprungusvæði eins og það sem gengur þvert gegnum Ísland. Kannski er það skýringin en „rifa“ er alltof veikburða orð fyrir þá náttúrukrafta sem um ræðir. Sömuleiðis eru textarnir á veggjunum sérkennilegir; mér dettur í hug að listamaðurinn treysti ekki landslagsmálverkinu sem tjáningarformi og hyggist gefa sýningunni þyngd með djúpt hugsuðum kenningum. Á sama hátt vantar traust til verkanna sjálfra en þau eru römmuð inn í stál eins og til að herða þau upp og viðkvæmar teikningarnar eru auk þess undir þykku gleri. Þessar óskiljanlegu og tilgerðarlegu umbúðir eru sýningunni ekki til framdráttar.

Pólitíska yfirlýsingin í öræfalandslagssýningu Listasafns Íslands er öllu læsilegri en með henni er m.a. bent á gildi fagurfræðinnar þegar flóknar spurningar um verðmætamat og landnýtingu eru vegnar. Hafa ber í huga að fagurfræði snýst ekki eingöngu um form og lit og þó snyrtilega sé gengið frá stórframkvæmdum á hálendinu skipta hughrifin ekki minna máli, hin magnþrungna tilfinning fyrir ósnortnu sköpunarverki náttúrunnar. Þessi tilfinning er afar sterk í mörgum verkum á sýningunni; ég nefni t.d. gullfallegar kvöld- og næturstemningar á suðurveggnum.

Á sýningunni eru verk eftir gamla meistara, minni spámenn og örfáa samtímamenn. Ekki ætla ég mér að gagnrýna einstök verk en það er stór galli á sýningunni hve samhengið er brotið og hve slæmt jafnvægi ríkir milli tímabila.

Það er jákvætt að Listasafn Íslands skuli taka þátt í umræðunni um mikilvægasta deilumál þjóðarinnar. Um leið má leiða hugann að samspili frelsis listarinnar og hins frjálsa markaðar. Rétt fyrir opnun sýningarinnar, nokkrum dögum eftir að íslenskir listamenn fjölmenntu uppá hálendið til að sýna náttúrunni samstöðu, var Listasafn Íslands vettvangur fyrir fund FBA og Landsvirkjunar þar sem erlendum bönkum og fjármagnseigendum voru kynntir fjárfestingarkostir á Íslandi. Má ætla að bréfin í eyðileggingu hinnar ósnortnu náttúru norðan Vatnajökuls hafi þar verið ofarlega á sölulistanum.

**Sýning Patricks Huse á Kjarvalsstöðum stendur til 24. október. Safnið er opið alla daga kl. 10-18.**
**Öræfalandslag í Listasafni Íslands stendur til 28. nóvember. Safnið er opið alla daga nema mán. kl. 11-17.**

# Chaplin við lifandi undirleik

Á fimmtudagskvöldið kl. 20 verður þögla meistaraverkið, Borgarljósin eftir Chaplin, endursýnt í Háskólabíó við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en miklu færri komust að en vildu á þann atburð í fyrra. „Það var slegist um miðana!“ segir Oddný Sen, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Á laugardaginn kl. 17 verða svo kvikmyndirnar Drengurinn (The Kid) og Iðjuleysingjarnir (Idle Class) sýndar á sama stað, einnig við undirleik Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hljómsveitarstjóri er þýski tónlistarmaðurinn og stjórnandinn Frank Strobel.

Oddný Sen, rithöfundur og kvikmyndafræðingur, stendur fyrir þessum sýningum og viðurkennir fúslega að það geri hún af ástríðu. „Þegar ég var við nám í París fyrir mörgum árum fór ég á sýningu á mynd D.W. Griffiths, Intolerance, fjögurra klukkutíma mynd, þar sem Sinfóníuhljómsveit Parísarborgar lék undir. Ég hef aldrei gleymt þessari uppákomu og ég held að það sé vegna þess að það eru töfrar að verki í lifandi samspili kvikmyndar og tónlistar.“

Oddnýju langaði til að fleiri yrðu þessarar reynslu aðnjótandi og ákvað að prófa að gera þetta heima. Hreyfimyndafélagið varð þó fyrri til með sýningu á Vindinum eftir Sjöström við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1994. „Árið eftir settum við hjá Kvikmyndasafni Íslands upp Metropolis við undirleik tveggja píanista og sýningin vakti rífandi fögnuð,“ segir Oddný. „Myndin var sýnd án hlés í þrjá og hálfan tíma og fólk af öllu tagi, frá fjögurra ára börnum upp í gamalmenni við hækjur, sat bergnumið! Síðan hefur verið ein sýning á ári og nú er þetta orðin hefð.“

Oddný lítur á þetta tiltæki sem svar við tæknibrellunum sem eru allsráðandi í kvikmyndum okkar tíma. „Við erum orðin svo firrt að við eigum bágt með að greina á milli listar og rusls,“ segir hún, „það er hollt að hverfa aftur til upprunans við og við.“ Og í ljós hefur komið að fólk hefur afar gaman af að upplifa kvikmyndir eins og þær voru fyrir tíma talmynda. Hljóðið var reyndar komið til sögunnar þegar Chaplin gerði Borgarljósin 1931 en honum fannst gæðin ekki nógu mikil og ákvað að hafa myndina þögla.



Ógleymanleg sena úr The Kid: Flækingurinn og drengurinn eru á flótta undan laganna verði – sem stendur á bak við þá!

## Hin sígilda andhetja

Borgarljósin eru ein af klassískum perlum kvikmyndasögunnar. Þar verður Flækingurinn ástfanginn af blindri blómasölustúlku og ákveður að reyna að veita henni sjónina með dýrri læknisaðgerð en ratar í ótrúlegustu ævintýri við fjáröflunina. Drengurinn var gerð árið 1921 og sýnir Flækinginn í grátbroslegum uppákomum við barnauppeldi. Sú mynd festi Chaplin í sessi sem virtasta kvikmyndaleikara og leikstjóra samtímans. Ári seinna gerði Chaplin Iðjuleysingjana. Þar er Flækingurinn í tvöföldu hlutverki; annars vegar sem hann sjálfur og hins vegar sem viðutan eiginmaður í sumarleyfi með konu sinni.

Chaplin lagði áherslu að gera Flækinginn að táknmynd fyrir baráttuþrek mannkyns – manninn sem lætur aldrei bugast og missir aldrei sjálfsvirðinguna hvað sem á dynur en er einnig svarinn fjandmaður borgaralegra gilda. Flækingurinn er fyrsta andhetja kvikmyndanna, margræður í ærslafullum einfaldleik sínum, spegill mannlegra tilfinninga sem hefur haft víðtæk áhrif á persónusköpun margra þekktustu kvikmyndagerðarmanna sögunnar.

Að viðburðinum standa Kvikmyndasjóður, Kvikmyndasafn Íslands og Sinfóníuhljómsveit Íslands með stuðningi Germaníu. Tekið er á móti pöntunum í síma 562 2255, og gætið þess að panta tímanlega!

## Fyrirlestrar og námskeið

Í dag kl. 12.30 kynna ljósmyndararnir Einar Falur og Ragnar Axelsson (á mynd) eigin verk í fyrirlestrum í Listaháskólanum í Laugarnesi, stofu 024.



Námskeið opin almenningi á næstunni eru „Myndvinnsla II. Photoshop“ þar sem unnið verður með breytingar og lagfæringar á tónum og lit. Kennari er Leifur Þorsteinsson ljósmyndari og umsjónarmaður tölvuvers LHÍ. Kennt verður í LHÍ í Skipholti 1, stofu 301, vikuna 25.–28. október kl 18–22.

Einnig verður námskeiðið „Þróun byggingarlistar og skipulags á 20. öld, yfirlit“. Tilgangur þess er að varpa ljósi á helstu þætti í íslenskri skipulags- og húsagerðarsögu á 20. öld. Gerð verður grein fyrir hugmyndum og kenningum sem mest áhrif hafa haft á mótun byggðar hér á landi með tilvísun í verk helstu arkitekta. Í fjórum fyrirlestrum verður m.a. fjallað um heimastjórnarárin og upphaf steinsteypunotkunar, verk fyrstu arkitektanna, skipulagshugmyndir 3. áratugarins, kreppuárin og upphaf módernisma, þróun þeirrar stefnu eftir stríð og breytt viðhorf í húsagerð eftir 1970. Kennari er Pétur H. Ármannsson, arkitekt og deildarstjóri Byggingarlistardeildar, Kjarvalsstöðum. Kennsla fer fram í húsnæði Listaháskóla Íslands mánudaga og fimmtudaga, 25. október – 4. nóvember, kl. 20–22.30. Námskeiðið er samvinnuverkefni Listasafns Íslands og Listaháskóla Íslands.

## Námskeið um myndlistarvörur

Slippfélagið stendur fyrir námskeiði um Lukas myndlistarvörur á föstudaginn kemur, 22. október, kl. 14 í aðalstöðvum Slippfélagsins að Dugguvogi 4. Fyrirlesari verður Joachim H. van Beek frá Þýskalandi sem talar á ensku en starfsmaður Slippfélagsins verður honum (og þátttakendum) til halds og trausts. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

## Ljóðatónleikar

Annað kvöld kl. 20.30 heldur sópransöngkonan Elín Huld Árnadóttir sína fyrstu opinberu einsöngstónleika á Íslandi í Salnum í Kópavogi við undirleik píanóleikarans Williams Hancox. Á efnisskrá tónleikanna eru sönglög eftir Vincenzo Bellini og Hugo Wolf, Mignon ljóðin eftir Franz Schubert og einnig verða fluttir þrír ljóðaflokkar eftir Pál Ísólfsson, Maurice Ravel og Claude Debussy.

## Í jöklanna skjóli

„Í jöklanna skjóli“ heitir nýútkominn geisladiskur frá Karlakórnum Jökli í Hornafirði. Þetta er fyrsti hljómdiskur kórsins en hann hefur starfað frá árinu 1973.



Lagaval er fjölbreytt, hefðbundin karlakóralög, lög og/eða ljóð eftir hornfirska höfunda og auk þess nokkur lög eftir hinn kunna lagahöfund Magnús Eiríksson. Stjórnandi Jökuls, Jóhann Morávek, útsetti fyrir kórinn lög Magnúsar Eiríkssonar og fékk hann til liðs við kórmenn félaga úr hljómsveit Hauks Þorvaldssonar, ennfremur 15 ára gamlan saxófónleikara, Sveinbjörn Pálsson, og slagverksleikarann Jón Björgvinsson.

Eins og fyrr segir er stjórnandi kórsins Jóhann Morávek og píanóleik annast Guðlaug Hestnes. Skífan sér um dreifingu.

## Finnrás á Súfistann

Annað kvöld verður finnskt kvöld á Súfistanum – bókakaffi í verslun Máls og menningar, Laugavegi 18. Þar mun hinn frækni finnski ritfjöllistahópur The Fabulous Four and A Blondie (Hin fjögur frænku og Ljóska) skýra í tali og tónum frá því helsta sem er á döfinni í finnskri ritlist og fjalla um muninn á finnskum og íslenskum bókmenntum. Dagskráin fer fram á finnsku, sænsku, ensku og íslensku.




Einnig les Guðrún Sigurðardóttir úr þýðingu sinni á skáldsögunni Ári hérans eftir finnska rithöfundinn Aarto Paasilina sem nýlega kom út hjá Íslenska kiljuklúbbnum.

Dagskráin hefst kl. 20 og er aðgangur ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

## Umsjón

### Silja Aðalsteinsdóttir